



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykhólahrepps
fimmtudaginn 7. maí 2020 kl. 9.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Ingimar Ingimarsson og Eiríkur Kristjánsson. Einnig sátu fundinn Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi, Grettir Örn Ásmundsson byggingafulltrúi og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.

Lagt fram til kynningar.

**2. 1909024 - Orku- og auðlindastefna. Stefnumótun um jarðnýtingu.
Unnið af Stertuvík.**

Lagt fram til kynningar.

**3. 2004016 - Framkvæmdaleyfi í landi Hríshóls, rofahús.
Erindi frá Orkubúi Vestfjarða.**

Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórn samþykki framkvæmdarleyfið með fyrirvara um leyfi frá Vegagerðinni. Byggingafulltrúa falið að kalla eftir fullnægjandi gögnum.

**4. 2004017 - Klettur í Kollafirði, nýtt deiliskipulag.
Erindi frá Helgu Jensen dags. 24.4.2020.**

Nefndin tekur vel í erindið og felur skipulagsfulltrúa að svara bréfitara.

**5. 1805012 - Brunamál í Flatey, slökkvihús.
Erindi frá Heimi Sigurðssyni formanni Flateyjarveitna.**

Nefndin leggur til við sveitarstjórn að kostnaðarmeta byggingu slökkvishúss í Flatey og skoða hvaða möguleikar henti sveitarfélaginu og íbúum Flateyjar best.

6. 2005001 - Smábátahöfn í Flatey.

Heimir Sigurðsson mætti í fjarfundi og kynnti hugmyndir um smábátahöfn í Miðpolli í Flatey. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hefja viðræður við Vegagerðina um byggingu smábátahafnar.

7. 2003013 - Umsókn um lóð í Flatey.

Sveitarfélagið hefur ekki tekið ákvörðun um að auglýsa lóðir í Flatey, engar lóðir eru tilbúnar til auglýsingar að svo stöddu.

8. 2005002 - Ærslabelgur, staðsetning.

Byggingafulltrúa falið að gera afstöðumynd og skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna.

Önnur mál:

1903004 - Greinagerð og umhverfisskýrsla vegna vindorkugarðs í Garpsdal:

Halda þarf fund til kynningar á greinagerðinni. Skipulagsfulltrúa ásamt landmótun falið að útfæra kynninguna með tilliti til aðstæðna sem nú ríkja í þjóðfélaginu.

1910005 – Grenndarkynning Hellisbraut 36:

Engar athugasemdir bárust um fyrirhugaða viðbyggingu á Hellisbraut 36.

Erindi frá Maríu Maack:

Nefndin felur skipulagsfulltrúa að skoða málið í samræmi við deiliskipulag svæðisins.

Fundi slitið 11:25

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____